Glerárskóli v/ Höfðahlíð, 603 Akureyri
Árgangar: 1. – 10. bekkur
Fjöldi nemenda: 308 **Fjöldi starfsmanna:** 60
Sími: 461 2666
Skólastjóri: Eyrún Skúladóttir
www.glerarskoli.is – glerarskoli@akureyri.is
https://www.facebook.com/glerarskoli/?fref=ts

Sýn Glerárskóla: **Hugur - hönd - heilbrigði**

Glerárskóli leggur áherslu á að nemendum líði vel í skólanum, taki ábyrgð á eigin námi og hegðun, læri góð samskipti og leitist við að nýta hæfileika sína í öllum viðfangsefnum.
Við teljum að góð samvinna heimila og skólans leggi grunn að farsælli skólagöngu nemenda þar sem samábyrgð, gagnkvæm upplýsingamiðlun og traust er sett í öndvegi.

Skólinn tekur mið af Olweusaráætlun gegn einelti í starfi sínu. Sú fræðsla og vinna sem verkefnið byggir á þjónar þeim tilgangi að efla og bæta skólastarfið m.a. með aðgerðum gegn einelti. Kannanir á líðan nemenda eru framkvæmdar reglulega og er úrvinnslan notuð til frekari skólaþróunar. Glerárskóli fylgir einnig jákvæðum aga og er sú hugmyndafræði byggð á uppeldisstefnunni Positive Discipline. Stefnan felur í sér að stuðlað er að bættri líðan nemenda og betri samskiptum í skólaumhverfinu auk þess sem áhersla er lögð á að nemendur taki ábyrgð á eigin námi og hegðun. Jákvæður agi og Olweusaráætlunin leggja áherslu á bekkjarfundi sem lykilþátt til árangurs.

Glerárskóli fylgir 6 grunnþáttum náms og þeirri lykilhæfni í námi sem aðalnámskrá grunnskóla leggur til grundvallar. Það á við um þá þætti sem snúa að kennslufræði, námsmati og kennsluháttum auk annarra þátta í skólastarfinu. Glerárskóli endurskoðar einnig starfsáætlun og skólanámskrá skólans reglulega út frá aðalnámskrá grunnskóla.

Til að efla læsi nýtir skólinn Byrjendalæsi í fyrstu árgöngunum og læsi til náms þegar ofar dregur. Einnig er í skólanum lögð áhersla á yndislestur og að auka lesskilning, orðaforða, talað mál og hlustun hjá nemendum.

Skólasýn Glerárskóla felur m.a. í sér aukna áherslu á heilsueflingu, útivist, hreyfingu, list- og verkgreinar og grenndarkennslu. Þá er unnið samkvæmt umhverfisstefnu skólans og er skólinn í flokki Grænfánaskóla sem byggja á alþjóðlegri stöðlun vegna starfa að umhverfismálum. Þess má geta að skólinn er leiðtogaskóli í norræna verkefninu ,,Loftslagsáskorunin 2015 – 2016“ en áhersla þess verkefnis er á baráttuna gegn matarsóun. Glerárskóli nýtir einnig Vinaliðaverkefnið sem leggur áherslu á að nemendur sameinist í leik og efli samskiptahæfni sína.

Í skólanum er góð kennsluaðstaða. Til að mynda er innangengt úr skólanum í íþróttahús og sundlaug sem auðveldar til muna að gera skóladag nemenda samfelldan.

Leikaðstaða nemenda á skólalóðinni er afar góð en auk þess hefur Glerárskóli afnot af Kvenfélagsgarðinum við Skarðshlíð til aukinnar útfærslu á útikennslu. Svæðið í kringum skólann er því ákjósanlegt til afnota fyrir nemendur og íbúa hverfisins.